Islandia 73
31.VIII - 9.IX

FRÍMERKJASÝNING Í REYKJAVÍK

Stamp Exhibition

Myndlistarhúsinu á Miklatúni
Municipal Art Gallery

31. ágúst - 9. september





Íslenzk frímerkjasýning 1973
31. ágúst — 9. september

Þessi frímerkjasýning verður hin stærsta, sem haldin hefur verið á íslenzkum frímerkjum. Hún er haldin til að minnast þess, að 100 ár eru liðin frá útgáfu fyrstu íslenzku frímerkjanna. Megintilgangur hennar er að gefa yfirlit um þróun íslenzkra frímerkja síðustu 100 ár. Einnig mun hún gefa yfirlit yfir, hvernig frímerkjum er safnað.

Póst- og símamálastjórnin skipuleggur sýninguna og sýnir það merkasta, sem hún á í fórum sínum. Þar ber hæst íslenzkt frímerkjasafn, Hans Hals-safnið svonefnda, sem keypt var fyrir 25 árum. Það safn er alþekkt meðal frímerkjasafnara og hefur hlotið gullverðlaun á alþjóðlegum frímerkjasýningum. Einnig verða á sýningunni valin söfn frá póststjórnum Norðurlandanna.

Þjóðminjasafn Íslands sýnir það forvitnilegasta, sem þar er varðveitt af íslenzkum frímerkjum. Þeim söfnurum, sem vitað er að eiga bezt íslenzk söfn, hefur verið boðin þátttaka í sýningunni. Söfn þeirra verða í sérstakri heiðursdeild.

Í sérstakri deild verða athyglisverðustu söfnin úr þeirri samkeppni meðal innlendra safnara, sem efnt er til í sambandi við sýninguna. Samnorræn dómnefnd dæmir í keppninni og úthlutar gull-, silfur- og bronzverðlaunum og verða verðlaun veitt bæði í heiðursdeild og samkeppnisdeild.

Á hverjum sýningardegi verður sérstök dagskrá, fyrirlestrar og myndasýningar. Fyrirlesarar verða bæði innlendir og erlendir. Sýndar verða litskuggamyndir og kvikmyndir, er varða efni sýningarinnar.

Icelandic Stamp Exhibition 1973
31 August — 9 September

The Icelandic Stamp Exhibition 1973 will be the largest exhibition of Icelandic stamps to this day. The exhibition is given in commemoration of the 100th anniversary of the first Icelandic stamp issue. The main purpose of the exhibit is to give a view of the development of Icelandic stamp issues for the last 100 years. It will also show how stamps are collected.

The exhibition is organized by the Post and Telecommunications Administration which will exhibit most distinguished stamps in its possession. The most noteworthy of these is the Hans Hals collection of Icelandic stamps, acquired 25 years ago. The Hans Hals collection is well known among philatelists. It has been awarded Gold Medals at international stamp exhibitions. The Nordic Postal Administrations will show selected collections at the exhibition.

A special invitation has been extended to those philatelists who are known to possess the finest of Icelandic stamp collections, to take part in the exhibition. These collections will been shown in a special Honorary Section. The National Museum of Iceland will exhibit the most unique stamps from its files.


There will be a special section showing the most interesting collections entered in a national philatelic competition to be held in conjunction with the exhibition. A jury with members from all the Nordic countries will award gold, silver and bronze medals in both Honorary Section and Competiton Section.

Every day, during the exhibition, there will be a special program of lectures and slide presentations. The lecturers are both from home and abroad. Colour slides and films will be shown in connection with the exhibition.

Sýningardeildir

Frímerkjasýningin skiptist í þrjár aðaldeildir.





A. Póst- og símamálastjórnin,
Póststjórnir á Norðurlöndunum og
Þjóðminjasafn Íslands
B. Heiðursdeild: þekkt söfn sérstakra Íslandssafnara
C. Samkeppnisdeild: Söfn íslenzkra frímerkjasafnara. Deildin skiptist í: Heildarsöfn íslenzkra frímerkja, söfn íslenzkra frímerkja frá því fyrir 1900, söfn íslenzkra frímerkja frá síðustu aldamótum, sérsöfn og rannsóknasöfn, tegundasöfn.

Sections of the exhibition

The Icelandic Stamp Exhibition is divided into three main sections:

A. The Post and the Telecommunications Administration of Iceland; The Nordic Postal Administrations; The National Museum of Iceland.
B. Honorary Section. Well known collections of Icelandic stamps.
C. Competition section. Collections from Icelandic philatelists. The section is divided between: Complete collections of Icelandic stamps, collections of Icelandic stamps issued before the year 1900, collections of Icelandic stamps from the turn of the century, specialized collections and research collections, thematic collections.

Sögulegt ágrip

Árið 1873 komu íslenzk frímerki fyrst út. Voru það svonefnd skildingafrímerki. Þau voru að verðgildi 2, 3, 4, 8 og 16 skildingar og ætluð til almennra nota. Auk þess voru gefin út 4 og 8 sk. frímerki, sem ætluð voru embættismönnum og nefnd þjónustufrímerki. Mátti einungis nota þau á embættispóstsendingar. Öll voru frímerki þessi gerð eftir sömu teikningu, en litur breytilegur eftir verðgildi.

Árið 1876 komu út ný frímerki í samræmi við myntbreytingu frá 1875. Voru almennu frímerkin að útliti eins og áður, en veruleg breyting varð á gerð þjónustufrímerkja. Verðgildi þessara frímerkja var miðað við aura og þau því kölluð aurafrímerki.

Árið 1902 komu út allmörg frímerki með mynd af þáverandi þjóðhöfðingja landsins, Kristjáni IX., og voru það fyrstu íslenzku frímerkin með andlitsmynd.

Árið 1911 komu út fyrstu frímerkin með mynd af Íslendingi. Var það til heiðurs frelsishetju Íslendinga, Jóni Sigurðssyni, á aldarafmæli hans. Síðan hafa mörg frímerki verið gefin út með myndum af þjóðkunnum Íslendingum.

Árið 1925 komu fyrstu íslenzku landslagsfrímerkin út, en

síðan hafa fjölmörg slík merki verið gefin út með myndum úr náttúru landsins. Má þar nefna frímerki með mynd af hinum heimsfræga goshver, Geysi, og Heklu, sem er frægast íslenzkt eldfjall og Surtseyjarfrímerki.
Á þeim eitt hundrað árum, sem íslenzk frímerki hafa verið í notkun, hafa alls komið út um 540 frímerki, en þá er sleppt ýmsum afbrigðum í lit og tökkun.

Historical Summary


Icelandic stamps were first issued in 1873. These were the socalled Skildinga stamps. There were 2, 3, 4, 8 and 16 skildinga stamps intended for general postage. In addition there was an issue of 4 and 8 skildinga stamps, intended for the use of public officials, called official stamps. These could be used for official post only. All the stamps were produced from the same design, — only colour varied according to denomination.
In 1876 new stamps were issued in accordance with the currency change of 1875. The general postage stamps had the same appearance as before, but the official stamps were changed considerably . The denomination of these stamps was aurar, and the stamps therefore called aura stamps.
In 1902 several stamps were issued, all with the portrait of Christian IX, the country's sovereign at that time. These were the first Icelandic stamps bearing a portrait.
The first stamps with a photograph of an Icelander were issued in 1911. These were issued in commemoration of the centennial of Jón Sigurðsson, the pioneer in Iceland's fight for independence. Since then, many stamps with photographs of public figures have been issued.
The first Icelandic landscape stamps were issued in 1925, but ever since then a great many such stamps have been issued picturing the nature of the country. Among these are stamps showing the internationally known geyser, Geysir, the best known of Icelandic volcanos, Hekla, and also a Surtsey stamp.
During the one hundred years Icelandic postage stamps have been used, around 540 stamps have been issued, not counting variations in colour and perforation.

Saga íslenzka frímerkisins

er í samningu, og er stefnt að því, að hún komi út, meðan á frímerkjasýningunni stendur. Í bókinni verður greint frá öllum útgáfum íslenzkra frímerkja og birtar litmyndir af þeim. Bókin verður prentuð á vandaðan pappír. Verkið er samið af Jóni Aðalsteini Jónssyni, cand. mag.








The History of Icelandic Stamps

is presently being compiled by Jón Aðalsteinn Jónsson, cand. mag. The history will hopefully be published as a book during the time of the exhibition. The book deals with all issues of Icelandic stamps. The book will be printed on quality paper, — featuring stamp photographs in colour.

Íslenzk frímerki eru eftirsótt

Íslenzk frímerki hafa verið eftirsótt af söfnurum frá fyrstu tíð, en svo virðist sem áhugi þeirra hafi farið sívaxandi á seinni árum. Áhugi manna á íslenzkum frímerkjum er sprottinn af ýmsum rótum: Smæð þjóðarinnar takmarkar upplagið, svo mörg íslenzk frímerki hafa orðið sjaldgæf og komizt í hátt verð. Vandað hefur verið til útgáfu þeirra, og víða má greina vaxandi áhuga á landi og þjóð samfara stórviðburðum, sem hér hafa gerzt og vakið hafa heimsathygli, allt frá eldgosum til fiskveiðideilna, heimsmeistaraeinvígis í skák til fundar æðstu manna stórvelda.
Í sambandi við frímerkjasýninguna, Íslandia '73, verða gefin út ný frímerki. Þá verður á boðstólum á sýningunni sérstakt sýningarumslag og frímerkjamappa. Pósthús með sérstökum dagstimpli verður starfrækt á sýningunni.



Icelandic stamps, — in great demand

There has always been considerable philatelic demand for Icelandic stamps, and it seems that the interest of philatelists for Icelandic stamps is ever increasing. The interest in Icelandic stamps stems from several facts: A small nation limits each stamp issue. Therefore, many Icelandic stamps have become rarities, and thus increased considerably in value. Each issue is thoroughly prepared. This, and the increased international attention Iceland has enjoyed lately due to volcanic eruptions, disputes over fishing rights, international chess battles and summit meetings of the great powers of international politics, has all contributed to the present interest in Icelandic stamps. New stamps will be issued in connection with the Islandia '73 stamp exhibition. A special exhibition envelope and stamp folder will be available. A post office will be located at the exhibition center using a special cancel.

Reykjavík

— nokkur orð til væntanlegra gesta í höfuðborginni.
Reykjavík, nyrzta höfuðborg í heimi, er að verða heimskunnur mótsstaður. Í fyrrasumar var hér keppt um heimsmeistaratitilinn í skák, og í vor hittust hér forsetarnir Nixon

og Pompidou. Árið um kring eru haldnar hér ráðstefnur og fundir, einkum norrænir, en einnig alþjóðlegir.

Þótt Reykjavík standi á gömlum merg, sem miðstöð athafna- og menningarlífs, er það ekki fyrr en seint á síðustu öld, að borgin fer að gegna ótvíræðu forystuhlutverki. Vöxtur borgarinnar á þremur síðustu áratugum hefur verið svo stórstígur, að ýmsum þykir nóg um. Íbúar hennar eru nú rúmlega 80 þúsund, eða um 40% landsmanna.

Margir útlendingar, sem koma til Íslands, undrast hið hreina loft og fjölþætt litbrigði náttúrunnar. Vegna hins tæra lofts virðast þeim fjöllin kringum Reykjavík mun nær en raun ber vitni. Hér stígur heldur ekki reykur eða sót til himins úr reykháfum, þar sem borgin er öll hituð upp með hveravatni. Enda þótt hlýtt sé innandyra skal væntanlegum gestum bent á, að svalt getur orðið utandyra, þegar komið er fram í september. Meðalhiti í Reykjavík er 11°C í ágúst og 10°C í september.

Í höfuðborginni er að sjálfsögðu aðsetur alþingis og ríkisstjórnar. Þar eru allar helztu stjórnarstofnanir mennta- og vísindastofnanir og stærstu söfnin. Þess má geta til gamans, að hvergi mun hlutfallslega fleiri bókabúðir að finna í borgum, enda tölulega staðfest, að hjá engri þjóð munu gefnar út fleiri bækur á íbúa en á Íslandi.









Islandia 73
31.VIII-9.IX



Frá Reykjavík er auðvelt að aka á einum degi til merkustu sögustaða landsins (Þingvellir, Skálholt) og þeirra staða, sem hvað merkastir eru frá náttúrunnar hendi (Geysir, Gullfoss, Hekla.) Allir eru þessir staðir tengdir útgáfu sögulegra frímerkja og landslagsfrímerkja.

Á frímerkjasýningunni, Islandia '73, verður upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn, sem Ferðaskrifstofa ríkisins annast. Erlendir gestir geta snúið sér þangað, ef þeir óska nánari upplýsinga um gistingu og ferðalög. Heimilisfangið er:

Ferðaskrifstofa ríkisins,
Gimli v/Lækjargötu,
Reykjavík.

Aðrar upplýsingar um sýninguna veitir skrifstofa sýningarnefndar Austurstræti 12, sími 26000 og 20512, Reykjavík.

Reykjavík

— a few words for the future guests of the capital.

Reykjavík, the northernmost capital in the world, is becoming a conference center of international renown. Reykjavík hosted the International Chess Championship Match last summer, and this spring the presidents Nixon and Pompidou met in Reykjavík. Congresses, conferences, and meetings are held in Reykjavík all the year around. Most of these are Nordic meetings, however a great deal af international meetings take place in Reykjavík.

Although Reykjavík is an old and established center of culture and enterprise, it is not until the latter part of the last century that the city begins to play an undisputable role of leadership in the country. The city's growth for the last three decades has been of such measure that many feel it has grown too fast. The citizens of Reykjavík are presently about 80 thousand, or about 40% of the country's inhabitants.

Many of those who travel to Iceland from abroad are pleasantly surprised by the country's fresh air and the multi-coloured appearance of the Icelandic nature. The mountains around Reykjavík seem much closer than they actually are due to the pureness of the air. One does not see smoke or soot extending from chimneys, as the city is generally heated with thermal spring water. Although you may feel warm inside Icelandic houses, it should be noted that the weather can be cool on the outside of the buildings come September. The average temperature in Reykjavík is 11°C in August and 10°C in September.

The Althing and the Government reside, of course, in Reykjavík. Here you will find all the major official institutions, as well as cultural and scientific bodies, and the main museums. On the side, we should like to point out, that you will find proportionally more bookstores in Reykjavík than in other cities. It has been statistically confirmed that no other nation publishes more books per capita.

It is easy to drive in one day to most places of historical interest (Thingvellir, Skálholt), and to those places that are the most noteworthy from a geographical and nature's point of view (Geysir, Gullfoss, Hekla). All these places are linked with issues of historical and landscape stamps. An information service for tourists will be available at the stamp exhibition, Islandia '73, supervised by the Iceland State Travel Bureau. Our guests from abroad may turn to the Bureau for further information on hotels and travel.

The address is:
Ferðaskrifstofa ríkisins,
Gimli v/Lækjargötu
Reykjavík
All information about the exhibition is given by
The Office of the Organizing Committee
Islandia 73
Austurstræti 12 Reykjavík Tel: 26000 20512

Key to map.

BUS AND COACH SERVICES
1 Long-distance coach terminal
2 City bus terminals
3 TOURIST INFORMATION (during summer season).

HOTELS
4 Hotel Borg
5 City Hotel
6 Hotel Esja
7 Hotel Gardur, (summer)
8 Hotel Holt
9 Hotel Loftleidir
10 Hotel Nes
11 Hotel Saga
12 Hotel Vik

MUSEUMS
13 To Árbær Folk Museum
14 Ásmundur Sveinsson Studio
15 Ásgrímur Jónsson Gallery
16 Museum of Einar Jónsson
17 National Museum and Art Gallery
18 Árnagardur The Manuscript Institute
19 **The City Art Gallery (Kjarval Gallery)**

PARKS AND STATUES
20 Arnarhólstún — Statue of Ingólfur Arnarson
21 Austurvöllur — Statue of Jón Sigurdsson
22 Bæjarfógetagardur — Statue of Skúli Magnússon
23 Hljómskálagardur — Statue of Thorfinn Karlsefni and others
24 To Laugardalsgardur (Botanic Gardens)
25 Leif Eirikson Statue
26 Miklatún — Statues of Einar Benediktsson and Thorsteinn Erlingsson

SWIMMING POOLS & SPORTS
27 Sports-grounds
28 Sundhöll (Indoor Pool)
29 Laugardalur Sports Stadium
30 Sundlaugar (Outdoor Pool)
31 To Sundlaug Vesturbæjar (Outdoor Pool)

OFFICIAL BUILDINGS
32 Police station
33 Prime minister's office
34 Parliament
35 Telephone and Telegraph office
36 University
37 Nordic House

THEATRES AND MUSIC HALLS
38 Laugardalshöll (Exhibition Hall)
39 Háskólabió (Concert Hall)
40 National Theatre
41 Idnó — Theatre
42 Observation platform (Tower of Hallgrímskirkja)

REYKJAVÍK centre

N V A S

HARBOUR
VESTURGATA
TRYGGVAGATA
HAFNARSTRÆTI
AUSTURSTR.
BANKASTRÆTI
SKÚLAGATA
SÆTUN
SUNDLAUGAVEGUR
BORGARTÚN
LÆKJARTEIGUR
LAUGARÁSVEGUR
REYKJAVEGUR
LAUGARÁSUR
TUNGATA
GARÐASTR.
HRINGBRAUT
SUÐURGATA
TJÖRNIN THE LAKE
FRÍKIRKJUVEGUR
LAUFÁSVEGUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR
HVERFISGATA
LAUGAVEGUR
HLEMMUR
SKIPHOLT
NÓATÚN
SUÐURLANDSBRAUT
SNORRABRAUT
HÁTEIGSVEGUR
ELÍÐAGATA
MIKLATÚN
MIKLABRAUT
LANGAHLÍÐ
KRINGLUMÝRARBRAUT
HALLSVEGSBRAUT
REYKJANESBRAUT
Central Bus Station
ICELANDAIR
ICELANDIC AIRLINES
AIRFIELD
TO KÓPAVOGUR GARÐAKAUPTÚN HAFNARFJÖRÐUR KEFLAVÍK
OUT OF TOWN
To City Hospital

AUGLÝSINGASTOFAN HF (Leó E Bjarnason)
Prentsmidjan GRAFÍK hf.